

Nd. 275. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

6. gr. A. II. laga nr. 46 15. júní 1926 orðist eins og hér segir:

II. Félög. Þar til teljast: Félög með ótakmarkaðri ábyrgð og félög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafélög og gagnkvæm ábyrgðarfélög, og samvinnufélög. Þegar útsvar hefir verið lagt á félag, má ekki leggja útsvar á félagsmann þess vegna eigna hans í félaginu né tekna, er félagið greiðir útsvar af.

Undanþegin útsvari eru:

- a. Félög, sem með lögum eru leyst undan útsvari.
- b. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmalafélög, trúarbragðafélög o. s. frv.
- c. Félög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþykktum sínum.

2. gr.

14. gr. laganna verður svo hljóðandi:

Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrá yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvari frá, greiddan af annari sveit. Sendir sveitarstjórn síðan

skrána sveitarstjórn þeirri, er hlut á að máli, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur og eignir þar í sveit, vinnutíma, dvalartíma o. s. frv. Sveitarstjórnir senda hver sína skrá að lokinni aðalniðurjöfnun til atvinnumálaráðherra með athugasemdum sínum, og skiptir hann útsvörum.

3. gr.

Upphaf 17. gr. laganna, orðin: „Í kaupstað jafna niðurjöfnunarnefndir niður ... í forföllum aðalmanna“, skal hljóða svo:

Í kaupstöðum jafna fimm manna nefndir niður útsvörum. Skulu nefndarmenn, og jafnmargir til vara, kosnir hlutbundinni kosningu af bæjarstjórn til þriggja ára í senn.

4. gr.

1. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, er greiða á útsvar, skal fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert senda niðurjöfnunarnefnd skýrslu um tekjur sínar á næstliðnu ári og eignir í lok þess árs, og um sérhvað það, er telja má, að máli skipti við ákvörðun útsvars hans. Skýrslur þessar skulu venjulega gerðar á þar til gerð eyðublöð, er niðurjöfnunarnefnd lætur mönnum í té.

5. gr.

Í stað orðsins „fyrirskattanefnd“ í síðustu málsg. 22. gr. laganna kemur: sýslunefnd eða bæjarstjórn.

6. gr.

23. gr. laganna verður svo hljóðandi:

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og má hann þá skjóta máli sínu til úrskurðar sýslunefndar, ef útsvarið var lagt á í hreppi, en bæjarstjórnar í kaupstað. Skal kæran vera komin til forseta bæjarstjórnar eða oddvita sýslunefndar áður 4 vikur eru liðnar frá dagsetningu úrskurðar niðurjöfnunarnefndar. Bæjarstjórn eða sýslunefnd fellir úrskurð í málinu á næsta fundi sínum eftir að kæran kom fram. Þó má fresta úrskurði allt að mánaðar tíma, til þess að afla upplýsinga um málið.

Fyrirmæli 18. gr. og 22. gr. taka til bæjarstjórna og sýslunefnda. Er og niðurjöfnunarnefndum, bæði í hreppi og kaupstað, skylt að veita bæjarstjórn eða sýslunefnd upplýsingar um útsvarsálagninguna.

Úrskurðum bæjarstjórna og sýslunefnda út af útsvarskærum má gjaldþegn vísa til atvinnumálaráðherra. Skal það þá gert áður liðnar eru 8 vikur frá því er úrskurður bæjarstjórnar eða sýslunefndar féll.

7. gr.

24. grein laganna og 26. grein laganna falla niður.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Lög nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.
2. 38. gr. laga nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög, svo og önnur lagafyrirmæli, sem kom í bága við lög þessi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þegar niðurjöfnunarnefndir hafa ákveðið útsvar hvers gjaldanda, skal árið 1940 bæta við útsvar hvers útsvarsgreiðanda 15% af upphæð útsvarsins, árið 1941 12%, árið 1942 9%, árið 1943 6%, og árið 1944 3%. Upphæðir þessar skulu sveitarstjórnir

innheimta með útsvörunum og greiða óskertar ríkissjóði á því ári, sem þær voru lagðar á. Sveitarstjórnirnar bera ábyrgð á innheimtunni.

Greinargerð.

Aðaltekjustofn sveitarfélaga og bæjarfélaga hér á landi er útsvör, en útsvörin eru tekjuskattur og eignarskattur.

Með sihækkandi tekju- og eignarskatti til ríkisins hefir ríkissjóður seilzt fast til þessa tekjustofns á síðari árum, þótt margir séu þeirrar skoðunar, að sveitarfélögin ættu að fá að sitja að honum ein. Á þessum sömu árum hefir komið í ljós, að mörg sveitarfélög hafa ekki getað fengið tekjur á móti nauðsynlegum gjöldum, og afleiðingin orðið sú, að fjölmörg þeirra hafa orðið að leita aðstoðar ríkisins.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkið láti sveitarfélögunum eftir að öllu leyti þær tekjur, sem nást með álagningu tekjuskatts og eignarskatts, þ. e.: útsvörum. En sökum þess að ríkissjóður má illa við því nú, að missa nokkrar þær tekjur, er hann hefir haft, er ætlað til, að þessi breyting gerist smátt og smátt á næstu 5 árum, eins og greinir í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Sveitarútsvör voru árið 1937 7,2 millj. kr. á öllu landinu. Má gera ráð fyrir, að árið 1940 verði þau um 8 millj. króna. Yrði þá hlutur ríkissjóðs af þessum tekjustofni það ár 1,2 millj. kr., en færi síðan minnkandi, þar til hann hyrfi með öllu eftir 5 ár.

Það er að mestu tvíverknaður að láta bæði skattanefndir og niðurbjófnunarnefndir vera starfandi. Hvorartveggja vinna að því að leggja tekjuskatt og eignarskatt á sömu gjaldendur á sama tíma eftir sömu grundvallarreglum, aðrar fyrir ríkissjóð, hinar fyrir sveitarsjóð. Skattanefndirnar kostuðu árið 1937 um 110 þús. kr. Kosta nú eflaust ekki undir 120 þús. kr. á ári. Þetta fé greiðir ríkissjóður að mestu leyti fyrir tvíverknað.

Annað aðalatriði þessa frumvarps er það, að samvinnufélög skuli gjalda útsvör eftir sömu reglum og önnur útsvarsskyld félög.

Á síðustu árum hefir það færzt mjög í vöxt, að atvinnufyrirtæki, sem til er stofnað, hvert helzt er í verzlun, iðnaði eða sjávarútvegi, starfi sem samvinnufélög. Stafar þetta af því, að samvinnufélög eru að mestu undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti til ríkisins, þótt þessi fyrirtæki hafi að öðru leyti í engan stað erfiðari rekstraraskilyrði eða ástæður, en njóti á ýmsa lund mikilsverðrar aðstoðar ríkisins fram yfir aðra gjaldþegna. Þetta leiðir til þess, að atvinnurekstur, sem ekki er rekinn á samvinnugrundvelli, verður að þoka fyrir samvinnufélögunum. Í mörgum sveitarfélögum hafa þetta verið aðalútsvarsgreiðendurnir. En þegar þeir hverfa úr sögunni og það, sem í staðinn kemur, tekur ekki á sig skyldur þeirra í útsvarsgreiðslum, lendir útsvarspunginn á smáborgurum, er ekki rísa undir honum, en sveitarfélögin lenda í fjárhagsvandræðum.